

RÉTTARFARSNEFND

Reykjavík, 31. maí 2023.

Dómsmálaráðuneytið
vt. Bryndís Helgadóttir, skrifstofustjóri
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Frumvarp til laga um rafrænar skuldaviðurkenningar

Með tölvubréfi dómsmálaráðuneytis 5. maí 2023 var óskað umsagnar réttarfarsnefndar um þau ákvæði frumvarps til laga um rafrænar skuldaviðurkenningar sem lúta að breytingu á réttarfarslögum.

Í frumvarpinu er mælt fyrir um nýtt lánaform, rafrænar skuldaviðurkenningar. Í greinargerð með frumvarpinu segir að skuldabréfaformið hafi verið ráðandi hingað til en þar sem slík bréf séu bréflegir gerningar henti þeir illa í rafræna lánaumsýslu og þinglýsingu. Því hafi verið talið rétt að útsæra sérstaka lagaumgjörð um rafrænar skuldaviðurkenningar til þess að ekki sé vafí um lögmæti, réttaráhrif og þýðingu þeirra, meðal annars með tilliti til veðsetningar, fullnustu og þinglýsingar. Þá sé fyrirhugað að rafrænar skuldaviðurkenningar veiti sambærilegt réttfarshagræði og skuldabréf, meðal annars við aðför, nauðungarsölu og við rekstur einkamála, en um þau gildi aftur á móti ekki viðskiptabréfareglur. Í þeim efnum sé mikilvæg sú regla sem fram komi í 6. gr. frumvarpsins um að lántaki eigi rétt á að halda uppi sömu mótbárum gegn framsalshafa og upphaflegum lánveitanda.

Þá er það einnig markmið frumvarpsins að auka skilvirkni í viðskiptum og einfalda þau. Segir í greinargerð við 1. gr. frumvarpsins að rafræn vinnsla, umsýsla og þinglýsing lánaskjala feli í sér verulega hagræðingu í allri lánaumsýslu sem sé til hagsbóta fyrir bæði lántaka og lánveitendur en ekki síður þá opinberu aðila sem vinna með skjölín í sínum störfum.

Þau ákvæði frumvarpsins sem snerta réttarfar eru fyrst og fremst í 5. gr. þess. Þar segir að krefjast megi aðfarar til fullnustu á kröfu samkvæmt rafrænni skuldaviðurkenningu í samræmi við ákvæði laga nr. 90/1989 um aðför. Auk þess er lagt til að krefjast megi nauðungarsölu á eign sem veðsett er til tryggingar skuld samkvæmt rafrænni skuldaviðurkenningu í samræmi við ákvæði laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Til viðbótar segir að ákvæðum XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála megi beita um mál til greiðslu á kröfu samkvæmt rafrænni skuldaviðurkenningu. Því til samræmis er svo mælt fyrir um breytingar á fyrrgreindum réttarfarslögum í 11. gr. frumvarpsins.

Þá er mælt fyrir um í 3. mgr. 8. gr. frumvarpsins að þegar gögn og upplýsingar hafi verið gerð aðgengileg í svonefndri upplýsingagátt rafrænna skuldaviðurkenninga teljist þær nægilega birtar gagnvart lántaka og öðrum sem hafa aðgang að viðkomandi upplýsingum þar. Í 4. mgr. segir svo að lánveitandi og lántaki samkvæmt rafrænni skuldaviðurkenningu skuli hafa aðgang að eigin svæði í upplýsingagáttinni sem snertir viðkomandi skuldaviðurkenningu. Þá geti sýslumenn, dómstólar og starfsmenn þeirra fengið tímabundinn aðgang að upplýsingum og eða gögnum til að staðreyna efni rafrænnar skuldaviðurkenningar.

Í greinargerð með 8. gr. frumvarpsins segir að tímabundinn aðgangur sýslumanna, dómstóla og starfsmanna þeirra sé til að staðreyna efni rafrænnar skuldaviðurkenningar við meðferð mála sem snerta innheimtu og fullnustu á henni, til dæmis þegar reynir á rafrænar skuldaviðurkenningar við aðför eða nauðungarsölu. Tilgangurinn sé ekki sá að sýslumenn og dómarar rannsaki með sjálfstæðum hætti viðkomandi skuldaviðurkenningu í upplýsingagáttinni eða að sönnunarbyrðinni sé með einhverju móti létt af aðilum málsins, heldur sé aðgangur þessara stofnana til að tryggja að þær geti gengið úr skugga um efni rafrænnar skuldaviðurkenningar ef réttmætur vafi reynist vera um það. Er gert ráð fyrir að ráðherra útfæri nánar í reglugerð hvernig fari með umræddan aðgang, til dæmis hvernig gáttin geti verið samtengd upplýsingakerfum þessara opinberu aðila.

Réttarfarsnefnd hefur haft þau ákvæði frumvarpsins til skoðunar sem lúta að aðför og nauðungarsölu samkvæmt rafrænum skuldaviðurkenningum. Verður fyrst vikið að aðfarargerðum og þær settar í samhengi við reglur frumvarpsins. Að því búnu verður fjallað um nauðungarsölu. Í lokin verða helstu niðurstöður dregnar saman og reifuð önnur þau atriði sem réttarfarsnefnd telur rétt að vekja athygli á.

Um aðfarargerðir

Aðfarargerðir teljast til þvingunaraðgerða handhafa ríkisvalds og fara fram á grundvelli laga nr. 90/1989. Í tíð eldri voru þær eingöngu úrræði sem unnt var að notast við til að fylgja eftir kröfu samkvæmt dómsúrlausn og eftir atvikum dómsátt. Byggðist þetta á þeirri grundvallarhugsun að ríkið aðtti ekki að beita valdi til að fylgja eftir esendum kröfu nema áður væri fengin nægileg vissa fyrir réttmæti hennar sem talin var leiða af úrlausn dómstóls eða gerð samnings um hana fyrir dómstóli. Þessi sjónarmið voru einkum til að tryggja réttindi skuldara.

Löggjöfin þróaðist svo með þeim hætti að vikið var frá grunnreglunni um nauðsyn dómsúrlausnar eða sáttar, sbr. nágildandi ákvæði 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 þar sem er finna fjölmög dæmi um undantekningar frá því. Þannig hefur þetta réttarfarsþagræði tekið veigamiklum breytingum í gegnum tíðina og er staðan sú í dag að kröfur samkvæmt dómsúrlausnum, sáttum og nauðasamningum sem gerðir eru fyrir dómstólum eru ekki nema einn af allmörgum flokkum krafna sem fullnaegja má með aðför, en hinir flokkarnir eiga það sammerkt að aðför getur farið fram án undanfarandi atbeina dómstóla eða með óverulegum afskiptum þeirra samkvæmt 11.-15. gr. laga nr. 90/1989. Þær breytingar sem hafa verið gerðar á lögum hafa þó ávallt hvílt á þeirri grundvallarhugsun að almenn vissa sé fyrir réttmæti krafna svo óhætt sé að skipa þeim að þessu leyti á bekk með kröfum sem dómstólar hafa fjallað um. Hefur þá jafnan verið tekið mið af því að litlar eða hverfandi líkur séu á að kröfurnar séu rangar

eða að reynslan hafi sýnt að svo sé og að dómstólakerfið þyldi illa á lagið af því að fylgt yrði í þaula grunnreglunni um að aðför fari ekki fram nema að undangengnum dómi eða dómsátt.

Gildandi löggjöf um rétt til aðfarar er enn reist á framangreindri grunnreglu um að aðför fari aðeins fram til að fullnægja skyldu samkvæmt dómsúrlausn eða dómsátt en til að víkja frá þeirri reglu þurfi sérstaka lagaheimild sem löggjafinn veiti einungis kröfum sem nægilega öruggt má telja að fylgja strax eftir með aðför. Meðal annars af þessari ástæðu er aðfararheimild sem kveðið er á um í utanréttarsamningi ekki viðurkennd að gildandi rétti nema hún styðjist við heimild samkvæmt lögum, sbr. til dæmis ákvæði 7. töluliðar 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 sem fjallar um heimild til aðfarar á grundvelli skuldabréfs.

Í 2. mgr. 5. gr. frumvarps til laga um rafrænar skuldaviðurkenningar segir að krefjast megi aðfarar til fullnustu á kröfu samkvæmt rafrænni skuldaviðurkenningu í samræmi við lög nr. 90/1989. Samkvæmt 2. tölulið 11. gr. frumvarpsins skal 7. töluliður 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 breytast þannig að þar verði jafnframt kveðið á um að gera megi aðför til fullnustu kröfu samkvæmt rafrænni skuldaviðurkenningu, án tillits til vottunar, ef berum orðum er tekið fram í henni að aðför megi gera til fullnustu skuldarinnar án undangengis dóms eða réttarsáttar.

Ljóst er að þetta ákvæði frumvarpsins felur í sér tillögu að nýrri undantekningu frá fyrrgreindri meginreglu gildandi réttar um að aðför á grundvelli utanréttarsamninga sé ekki viðurkennd. Í lögum er nú að finna tvær slíkar undantekningar, annars vegar í fyrrgreindum 7. tölulið 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 og hins vegar 1. mgr. 13. gr. laga nr. 53/1989 um samningsbundna gerðardóma. Síðastnefnd ákvæði taka bæði mið af þeirri grundvallarhugsun sem fyrr er rakin um að litlar eða hverfandi líkur séu á að kröfurnar séu rangar og að því sé óhætt að heimila inngríp handhafa ríkisvalds til að fylgja eftir fullnustu þeirra í samræmi við þá málsméðferð sem kveðið er á um í lögum nr. 90/1989. Möguleikar gerðarþola til að halda uppi vörnum til að koma í veg fyrir framgang aðfarar á grundvelli slíkra krafna eru ýmsum takmörkunum háðar og eru því að fyrra bragði jafnframt líkur á að dómstólum verði ekki íþyngt um of við framgang slíkra aðfarargerða. Hvað varðar kröfur samkvæmt skuldabréfum sem fjallað er um í 7. tölulið 1. mgr. 1. gr. laganna er þá litið til þess að slíkar skuldaviðurkenningar teljast til viðskiptabréfa og lúta þeim reglum sem um þau gilda samkvæmt almennum reglum kröfuréttar. Þá fela slíkar skuldaviðurkenningar samkvæmt sömu reglum í sér einhliða, óskilyrta og skriflega viðurkenningu skuldara á ákveðinni peningaskuld. Hvað varðar kröfur samkvæmt samningsbundnum gerðardómum er litið til þess að leyst hefur verið úr ágreiningi málsaðila með dómi eða sátt. Er af þeirri ástæðu kveðið á um að um aðför samkvæmt þeim fari eftir sömu reglum og gilda um dóma uppkveðna af íslenskum dómstólum og sáttir sem komist hafa á fyrir þeim, sbr. 2. gr. laga nr. 16/2002 um breytingu á lögum nr. 53/1989.

Séu framangreindar undanþágur gildandi laga um rétt til aðfarar á grundvelli utanréttarsamninga, án undangengis dóms eða sáttar, skoðaðar í samanburði við fyrilliggjandi frumvarp um rafrænar skuldaviðurkenningar er til þess að líta að samkvæmt 4. mgr. 2. gr. frumvarpsins telst rafræn skuldaviðurkenning hvorki til skuldabréfs né annars konar viðskiptabréfs. Þá segir í 1. mgr. 2. gr. að með rafrænni skuldaviðurkenningu sé átt við „samning um fasteignalán eða annars konar lán til einstaklings eða lögaðila, sem gerður er með rafrænum hætti“. Samkvæmt þessu virðist ljóst að rafrænar skuldaviðurkenningar geti kveðið

á um gagnkvæmar skuldbindingar samningsaðila sem kunna eftir atvikum að vera ýmsum skilyrðum háðar. Að þessu leyti eru slíkar skuldaviðurkenningar mjög ólíkar skuldabréfum sem kveða sem fyrr segir eingöngu á um einhliða og skilyrðislausa skuldbindingu til greiðslu ákveðinnar peningaskuldar. Að þessu leyti fellur rafræn skuldaviðurkenning, eins og hugtakið er skilgreint í fyrirliggjandi frumvarpi, illa að þeim sjónarmiðum sem fyrr eru rakin um eðli þeirra krafna sem hingað til hefur verið talið réttlætanlegt að veita það réttarfarsagræði sem felst í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989.

Að mati réttarfarsnefndar er í ljósi framangreinds rétt að endurskoða frumvarpið og íhuga hvort ekki sé rétt að kveða þar á um að heimild til aðfarar á grundvelli rafrænna skuldaviðurkenninga nái einungis til skuldaviðurkenningar sem geta að efni til talist til skuldabréfa samkvæmt almennum reglum að frátöldu því skilyrði að um skriflega yfirlýsingú sé að ræða. Nánar tiltekið fælist þá í þessu að þetta réttarfarsagræði gæti eingöngu náð til skuldaviðurkenninga sem fela í sér einhliða og skilyrðislausa skuldbindingu lántaka til greiðslu ákveðinnar peningagreiðslu. Kallar þetta á endurskoðun á 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins en eðli mál samkvæmt þyrfti samhliða meðal annars að endurskoða 4. mgr. 2. gr. frumvarpsins þar sem segir að rafræn skuldaviðurkenning teljist hvorki til skuldabréfs né viðskiptabréfs. Þá þyrfti að endurskoða 2. tölulið 11. gr. frumvarpsins þessu til samræmi og önnur ákvæði þess sem geta haft þýðingu í þessu sambandi.

Um nauðungarsölu

Nauðungarsala er ein tegund fullnustugerða sem fer fram til að koma eign í verð án tillits til vilja eiganda hennar á grundvelli laga nr. 90/1991. Um er að ræða valdbeitingarathöfn fyrir atbeina ríkisins. Tilgangurinn með nauðungarsölu er að koma eign í verð og ráðstafa andvirði hennar til þeirra sem eiga réttmæta kröfu á að fá það allt í sínar hendur eða hluta þess í skjóli réttinda yfir eigninni, hvort heldur óbeinna eignarréttinda eða beinna. Ljóst er að slík aðgerð getur haft víðtækar afleiðingar í för með sér, jafnt fyrir þann sem glatar eignarrétti sínum yfir eign og þann sem öðlast í staðinn þann rétt og fyrir þá sem fá fullnustu á fjárkröfum sínum við nauðungarsölu og þá sem þar fá ekkert greitt. Af þeirri ástæðu þarf beiðni skuldheimtumanna um nauðungarsölu ávallt að styðjast við heimild í lögum en sí Grundvallarhugsun býr þar að baki að með því sé tryggt að nauðungarsala fari einungis fram þegar löglíkur eru á að undirliggjandi krafa sé skýr og það myndi hafa í för með sér of mikla byrði fyrir dómstóla að þurfa að fjalla efnislega um þær áður en til nauðungarsölu getur komið.

Þetta sést glögglega þegar heimildir 1. mgr. 6. gr. laga nr. 90/1991 eru skoðaðar. Þar eru reglur um heimildir skuldheimtumanna til að krefjast nauðungarsölu til fullnustu á peningakröfu í skjóli tryggingarréttinda sinna í eign taldar upp í sex töluliðum. Skuldheimtumaður getur samkvæmt því leitað fullnustu á kröfu sinni með nauðungarsölu á eign *i fyrsta lagi* ef fjárnám hefur verið gert í henni fyrir kröfunni, sbr. 1. tölulið 1. mgr. 6. gr., *i öðru lagi* ef veðréttur til tryggingar kröfunni hefur verið veittur í eigninni með þinglýstum samningi, sbr. 2. tölulið, *i þridja lagi* ef eignin hefur með samningi verið sett að handveði fyrir kröfunni, sbr. 3. tölulið, *i fjórða lagi* ef kröfunni fylgir lögveðréttur í eigninni á grundvelli annarra laga, sbr. 4. og 5. tölulið, og loks *i fimmta lagi* ef skuldheimtumaðurinn nýtur halðsréttar í henni til tryggingar

kröfu sinni, sbr. 6. tölulið. Þessu til viðbótar geymir 2. mgr. 6. gr. fyrirmæli um fylgikröfur með höfuðstól skuldar sem um leið má krefjast fullnustu á við nauðungarsölu.

Í 3. mgr. 5. gr. frumvarps til laga um rafrænar skuldaviðurkenningar segir að krefjast megi nauðungarsölu á eign sem veðsett er til tryggingar á skuld samkvæmt rafrænni skuldaviðurkenningu í samræmi við lög nr. 90/1991. Því til samræmis er í 3. tölulið 11. gr. frumvarpsins lagðar til nánar tilteknar breytingar á 2. tölulið 2. mgr. og 3. mgr. 6. gr. og 3. mgr. 11. gr. laganna.

Við mat á því hvort rétt er að veita nýjum tegundum skuldaviðurkenninga heimild til nauðungarsölu án undangengis dóms, sáttar eða fjárnáms, er óhjákvæmilegt að mati réttarfarsnefndar að horfa til þeirra sjónarmiða sem rakin voru að framan um heimildir til aðfarar og sem eiga að tryggja réttindi skuldara og um leið réttaröryggi við fullnustugerðir. Verður samkvæmt því að meta hvort rafrænar skuldaviðurkenningar eins og þær eru nú skilgreindar í 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins geti talist falla að þeim. Það sem helst orkar tvímælis að mati nefndarinnar í því sambandi er annars vegar að hugtakið er ekki afmarkað við skuldaviðurkenningar sem gætu að efni til fallið undir hugtakið skuldabréf að frátöldu fyrrgreindu skilyrði um að hún sé skrifleg og hins vegar að frumvarpið gerir ráð fyrir að skuldari geti komið að öllum mótbárum gagnvart skuldheimtumanni. Er um síðastefnt meðal annars vísað til þess að heimild samkvæmt 2. tölulið 1. mgr. 6. gr. laga nr. 90/1991 hefur vegna þeirra skilyrða sem þar kom fram fyrst og fremst verið talin ná til veðskuldabréfa en ekki annarra tegunda skuldaviðurkenninga. Fyrرنefnd tvö atriði í frumvarpinu eru að fyrra bragði til þess fallin að auka líkur á ágreiningi um réttmæti þeirra krafna sem búa að baki rafrænum skuldaviðurkenningum, eins og þær eru nú skilgreindar, með tilheyrandi á lagi á dómstóla í tengslum við framgang nauðungarsölu.

Í því samhengi er til þess að líta að samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 90/1991 fara sýslumenn og löglærðir starfsmenn þeirra með framkvæmd nauðungarsölu. Hlutverk dómstóla samkvæmt lögnum er bundið við það að leysa úr ágreiningi sem kemur upp í tengslum við gerðina, hvort heldur við framkvæmdina sjálfa eða að henni lokinni. Um þetta eru sérreglur í 4. þætti laganna, nánar tiltekið í XIII. og XIV. kafla, sem fela nánar í sér að ágreiningsmál verða ýmist borin undir dóm um leið og sýslumaður hefur tekið afstöðu til þeirra við framkvæmd nauðungarsölu eða fyrst þegar ráðstöfun eignar er lokið. Kemur það því í hlut dómstóla að skera úr um réttindi aðilanna og lögmæti framkvæmdar nauðungarsölu. Í lögum nr. 90/1991 er þannig gerður greinarmunur á valdinu til að hafa á hendi aðgerðir við nauðungarsölu og valdinu til að leysa úr ágreiningsatriðum sem þar koma upp og í meginatriðum eru það sýslumenn sem fara með framkvæmd slíkra aðgerða en dómstólar sem leysa úr ágreiningi. Um þetta verður þó að gæta að því að sýslumenn fara með vald til að taka ákvörðun um hvort nauðungarsala geti farið fram á grundvelli beiðni, sbr. 13. gr. laganna, og vald til ákvörðunar um ágreiningsefni jafnskjótt og þau rísa við framkvæmd fullnustugerðarinnar, sbr. 22. gr. Slíkar ákvarðanir geta sem fyrr segir í framhaldinu að meginreglu sætt úrlausn dómstóla eftir nánari fyrirmælum í XIII. og XIV. kafla laganna.

Margs konar álitaefni geta risið við nauðungarsölu. Sem gerðarbeiðandi verður skuldheimtumaður að sýna fram á að annars vegar njóti hann gildra tryggingarréttinda af

einhverri þeirri tegund sem um ræðir í 1. til 6. tölulið 1. mgr. 6. gr. laga nr. 90/1991 í þeirri eign sem hann krefst nauðungarsölu á og hins vegar að hann eigi kröfu um peningagreiðslu sem tryggingarréttindin ná til. Fyrir þessu tvennu ber hann sönnunarbyrði. Við nauðungarsölu getur reynt á fjölbreytileg atriði varðandi bæði þessi skilyrði sem leyst hefur verið úr fyrir dólmstólum. Ef leitað er nauðungarsölu á grundvelli heimildar í samningi um veðrétt samkvæmt 2. tölulið eða 3. tölulið 1. mgr. 6. gr. getur til dæmis risið ágreiningur við gerðina um hvort réttilega hafi verið staðið að útgáfu veðbréfs eftir reglum félagaréttar sem ráða því hverjir megi skuldbinda félag. Við nauðungarsölu með stoð í veðsamningi getur einnig reynt á hvort annmarkar séu á samningnum, til dæmis hvort stofnað hafi verið til veðréttar yfir eign sem óheimilt er að veðsetja eða atvik í tengslum við gerð samningsins séu með þeim hætti að valdið geti ógildingu hans eða veðréttar samkvæmt honum.¹ Sem fyrr segir hvílir ekki aðeins á skuldheimtumanni að sýna fram á að hann eigi gild tryggingarréttindi í eign sem hann krefst nauðungarsölu á heldur verður hann einnig að sanna að hann eigi peningakröfu sem tryggingarréttindin ná til. Sem gerðarbeiðandi verður skuldheimtumaðurinn þannig að bera sönnunarbyrði meðal annars fyrir því að peningakrafan hafi orðið til og hann sé réttur aðili að henni en á gerðarþola hvílir að öðru jöfnu sönnunarbyrði fyrir staðhæfingu um að krafan hafi fallið niður, svo sem vegna greiðslu, skuldajafnaðar eða fyrningar.

Til viðbótar upphafssorðum 1. mgr. 6. gr. laga nr. 90/1991 gildir einnig það sameiginlega skilyrði um allar heimildirnar í ákvæðinu að peningakrafa sem leitað er fullnustu á við nauðungarsölu þurfí að vera gjaldfallin. Á þetta getur á reynt með ýmsum hætti sé krafa um nauðungarsölu á veðskuldabréfi, sbr. 2. tölulið 1. mgr. 6. gr. Í slíkum tilvikum kann gerðarþoli að andmæla framgangi nauðungarsölu með þeim rökum að peningakrafan sé ekki í vanskilum, en þessu getur til dæmis verið teft fram ef eigandi veðskuldabréfs hefur neytt heimildar til að gjaldfella eftirstöðvar skuldar vegna vanskila á einni umsaminni afborgun af henni og leitar í kjölfarið nauðungarsölu til fullnustu á allri skuldinni. Kunna þá að risa spurningar um hvort greiðsla á afborgun hafi í raun og réttilega verið innt af hendi og engin vanskil orðið eða hvort vanefnd skuldarans hafi staðið svo lengi eða annars verið svo veruleg að heimilt hafi verið að gjaldfella í heild kröfu samkvæmt skuldabréfi. Skuldheimtumaður getur líka gjaldfellt kröfu sína samkvæmt veðskuldabréfi af öðrum ástæðum eins og kveðið er á um í 1. mgr. 9. gr. laga nr. 75/1997 um samningsveð, þó vanskil hafi ekki orðið á greiðslu. Ef skuldheimtumaður vill neyta heimildar til að gjaldfella með öllu kröfu sína af einhverjum þessum ástæðum verður sú ráðstöfun að vera um garð gengin áður en nauðungarsölu er leitað, sbr. fyrrnefnt skilyrði í upphafi 1. mgr. 6. gr. laga nr. 90/1991, og að auki áður en greiðsluáskorun er beint til gerðarþola samkvæmt 9. gr. laganna, en með þeirri áskorun er þá einnig tryggt að gerðarþola sé ávallt kunnugt um vanskil á skuld og fyrirætlanir skuldheimtumannsins. Þessi aðdragandi getur sérstaklega skipt máli ef gerðarþoli er ekki jafnframt skuldari kröfunnar.

Að framangreindum reglum gættum bendir réttarfarsnefnd á að töluberð óvissa verði samhliða því að rafrænum skuldaviðurkenningum verði að óbreyttu frumvarpi búið það réttarfars hagræði að hægt verði að krefjast nauðungarsölu á grundvelli þeirra. Þegar um ræðir láanasamning þar sem mótbárur falla ekki niður og fyrirfram má ætla að skuldari kunni að hafa fram að færa

¹ Sjá meðal annars UfR 2019:1192, UfR 2019:1197, UfR 2021:2320, UfR 2022:411, UfR 2022:414 þar sem deilt var um hvort ógilda ætti rafrænar skuldayfirlýsingar vegna aðstæðna við samningsgerð.

varnir gegn slíkri innheimtu er því varhugavert að fara þá leið sem boðuð er í frumvarpinu. Hið sama gildir hins vegar ekki um veðskuldabréf sem eins og fyrr segir hafa fyrst og fremst verið talin falla að skilyrðum 2. töluliðar 1. mgr. 6. gr. laga nr. 90/1991. Að sama skapi er vandséð hvort af reglum frumvarpsins leiði í reynd réttarfarslegt hagræði, enda má ætla að ágreiningur muni verða í ríkari mæli við nauðungarsölu eftir sliku heimildarskjali með tilheyrandi auknu á lagi á dómstóla. Má jafnframt ætla að fjölbreyttari mótbárur verði bornar upp við slíka nauðungarsölu og þá jafnvel í ríkari mæli.

Niðurlag

Séu þau sjónarmið sem rakin eru hér að framan tekin saman er að mati réttarfarsnefndar æskilegt að endurskoða skilgreiningu frumvarpsins á hugtakinu rafræn skuldaviðurkenning samkvæmt 1. mgr. 2. gr. fumvarpsins með það fyrir augum að hún geti fallið betur að þeim sjónarmiðum sem búa að baki réttarfashagræði 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1991, 1. mgr. 6. gr. laga nr. 91/1991, XVII. kafla laga nr. 91/1991 og lögum nr. 11/2008 um sértryggð skuldabréf. Er að mati nefndarinnar rétt að þar falli einungis undir skuldaviðurkenningar sem geta að efni til talist til skuldabréfa samkvæmt gildandi lögum, að frátöldu því skilyrði að um skriflega yfirlýsingur sé að ræða. Þá er að mati nefndarinnar æskilegt að reglur um viðskiptabréf verði látnar gilda um slíkar skuldaviðurkenningar eigi þær á annað borð að njóta fyrrgreinds réttarfashagræðis.


Að mati réttarfarsnefndar er jafnframt rétt að vekja athygli á 4. mgr. 5. gr. frumvarpsins þar sem segir að ákvæðum XVII. kafla laga um meðferð einkamála megi beita um mál til greiðslu kröfu samkvæmt rafrænni skuldaviðurkenningu. Mál sem eru rekin samkvæmt síðastnefndum kafla laga nr. 91/1991 eru afbrigðileg í þeim skilningi að stefndi getur ekki komið að öllum sömu vörnum og í almennum einkamálum. Rökin fyrir slíkri málsmeðferð byggja meðal annars á sams konar sjónarmiðum og áður hafa verið rakin um þær kröfur sem njóta réttarfashagræðis á grundvelli 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989. Að teknu tilliti til þess er að mati réttarfarsnefndar rétt að takmarka heimild til að beita ákvæðum XVII. kafla laga nr. 91/1991 um mál til greiðslu samkvæmt rafrænum skuldaviðurkenningum við þær viðurkenningar sem að efni til geta talist til skuldabréfa að frátöldu því skilyrði að um skriflega yfirlýsingur sé að ræða. Með því er gætt að þeim sjónarmiðum sem hingað til hafa þótt réttlæta umrætt réttarfashagræði.

Loks þykir réttarfarsnefnd rétt að vekja athygli á að erfitt er að koma auga á nauðsyn þess að kveða á um sérreglur um aðilaskipti að kröfu samkvæmt rafrænni skuldaviðurkenningu og mótbárutap. Þykir sú tillaga sem kemur fram í 6. gr. frumvarpsins stangast að nokkru á við þau sjónarmið sem færð eru fram í athugasemdum með frumvarpinu fyrir nauðsyn réttarfashagræðis slíkra krafna. Fæst illa séð af hverju almennar reglur um aðilaskipti og mótbárutap verði ekki látnar gilda um framsal þeirra að teknu tilliti til þess sem fyrr hefur verið rakið um að rétt sé að réttarfashagræðið verði bundið við rafrænar skuldaviðurkenningar sem geta að efni til talist til skuldabréfa, að frátöldu því skilyrði að þær þurfi að vera skriflegar. Af sömu ástæðu fæst illa séð að rök standi til þess að láta lög um sértryggð skuldabréf ná til annarra rafrænna skuldaviðurkenninga en þeirra sem geta talist til skuldabréfa samkvæmt framansögðu enda falla eðli máls samkvæmt annars konar skuldaviðurkenningar illa að því markmiði sem stefnt er að með tryggingasafni slíkra bréfa vegna óvissu sem þeim kann að fylgja um efndir

vegna ótakmarkaðrar heimildar lántaka til að koma að mótbárum. Er vandséð að unnt verði að nýta slíkar rafrænar skuldaviðurkenningar sem hluta af tryggingasafni nema um sé að ræða rafræn skuldabréf sem um gildi almennar reglur kröfuréttar um framsal viðskiptabréfa.

Loks vill nefndin vekja máls á því að ýmis áleitin álitamál vakna upp um 8. gr. frumvarpsins verði það að lögum. Verði sú leið farin sem nefndin leggur til fæst ekki séð að þörf sé á því. Ekki er þó svigrúm til að víkja að spurningum sem hafa vaknað upp um það að svo stöddu en nefndin er reiðubúin til að fjalla efnislega um þær síðar verði ákveðið að frumvarpið fái brautargengi án endurskoðunar á þeim atriðum sem fjallað er um hér að framan. Varða þær spurningar fyrst og fremst málsforræðisreglu einkamálaréttarfars, reglur um milliliðalausa sönnunarfærslu og forræði aðila á sönnunarfærslu fyrir dómi.

Fyrir hönd réttarfarsnefndar



Ása Ólafsdóttir